

RAKEL SVEINSDÓTTIR:

Ég bið um þinn stuðning í formannskjör á aðalfundi FKA þann 18.maí nk.

Hvar erum við staddar...OG hvert stefnum við?

Kæra félagskona.

Framtíðarsýnin mín fyrir FKA er mjög skýr: VIÐ ÞURFUM AÐ GEFA Í OG LÁTA MEIRA Í OKKUR HEYRA!

Þetta getum við gert með því að efla bæði innra og ytra starf FKA og því bið ég ykkur um stuðning í formannskjör FKA þann 18.maí nk.

Frá árinu 2009 hef ég starfað að mörgum verkefnum fyrir FKA og hef því góða þekkingu á innra starfi, verklagi og rekstri FKA. Hef einnig margvíslega reynslu af atvinnurekstri og stjórnun, mjög stórt tengslanet en er umfram allt tilbúin til að leiða félagsstarfið okkar til enn frekari vegs og virðingar.

Áfram FKA – áfram við! Ykkar, Rakel.



Mínar áherslur:

- Styrkja RÖDD FKA þannig að konur í atvinnulífinu verði sýnilegri og á okkur sé oftast hlustað
- Fylgja enn betur eftir stefnumótun FKA: Hverjar erum við? Hvers vegna erum við FKA konur?
- Virkja samtal á milli FKA og stjórnvalda; Alþingi og ráðuneyti
- Auka sýnileika stjórnar FKA í almennu félagsstarfi
- Virkja samstarf en efla sjálfstæði og sérstöðu Atvinnurekendadeildar og Leiðtogaauðar innan FKA
- Styrkja fjárhagslegan grunn og rekstur skrifstofunnar, án umframhækkunar iðgjalda
- Efla landsbyggðardeildir og nefndir FKA í sínu starfi
- Styrkja tengslanet FKA kvenna sín á milli
- Fylgja Jafnvægisvöginni úr hlaði: Nýtt verkefni stjórnar, ásamt fleirum, sem unnið hefur verið að síðustu mánuði og gengur út á að auka hlutdeild kvenna í efra lagi fyrirtækja

Þáttaka í málefnum FKA:

- 2009-2013: Fræðslunefnd
- 2009-2013: Stjórnarkvennaverkefnið; auka hlutdeild kvenna í stjórnnum
- 2010: „Virkjum konur og karla“ ráðstefnan, samstarfsverkefni með Leiðtogaauði og fleirum
- 2010: Þjóðfundurinn/stefnumótunarvinna FKA í Borgarfirði
- 2013-2017: Fjölmíðlaverkefni FKA; auka ásýnd kvenna í fjölmíðlum
- 2016: Stefnumótunarvinna FKA í Kríunesi
- 2015-2017: Stjórnarkona (varaformaður frá 2016)

Tengslanetið mitt er mjög stórt, hvort heldur sem er innan viðskiptalífsins, stjórn málaumhverfis eða fjölmíðla. Hef oft komið fram í fjölmíðlum, innlendum og erlendum. Er vön sem ræðumaður, fyrirlesari og fundarstjóri.

Síðustu 25 árin hef ég lengst af starfað í stjórnendastöðum hjá fjölmíðlum, fyrst Morgunblaðinu, síðar Norðurljósum (nú 365 miðlar) og enn síðar Hringbraut. Var einnig framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi (Fjölmíðlavaktin og Lánstraust), er stofnandi og hluthafi í fyrirsprungargáttinni Spyr.is, er hluthafi í Hringbraut og hef aðkomu að verktakastarfssemi mannsins míns, GFK vélagarleiga. Sat í stjórn Viðskiptaráðs 2009-2013, í kjörnefnd SVP 2013 og í stjórn FKA frá vori 2015.

Er búsett í Ölfusi og tilheyrir því landsbyggðardeildinni FKA Suðurland, auk þess að vera í atvinnurekendadeild.